Fundargerð

1356. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, fjarfundur
3. febrúar 2022, kl. 08:00

Viðstaddir:

**Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Díana Hilmarsdóttir, Guðbrandur Einarsson, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.**

* * *

**1. Lóðarleiga í Reykjanesbæ (2022010522)**

Árni Ingi Stefánsson og Kolbrún Garðarsdóttir frá félagi landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi og Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður mættu á fundinn.

**2. Myllubakkaskóli (2021050174)**

Lagt fram yfirlit yfir verkefnastöðu framkvæmda við Myllubakkaskóla.

**3. Áheyrnarfulltrúar ungmennaráðs í kjörnum nefndum og ráðum (2022010077)**

Lagt fram minnisblað um setu fulltrúa ungmennaráðs í nefndum og ráðum Reykjanesbæjar.

Málinu frestað.

**4. Samstarfsverkefni um andlega heilsu barna- og ungmenna í Reykjanesbæ (2022020069)**

Díana Hilmarsdóttir lýsir sig vanhæfa og víkur af fundi undir þessum lið.

Lagt fram erindi ásamt umsögnum um samstarfsverkefni um andlega heilsu barna og ungmenna í Reykjanesbæ. Óskað er eftir fjármagni til að koma upp aðstöðu í 88 húsinu fyrir ráðgjafaþjónustu fyrir ungmenni.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni að vinna áfram í málinu.

**5. Stjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja - áskorun öldungaráðs Suðurnesja til heilbrigðisráðherra (2022010634)**

Lagt fram bréf frá Öldungaráði Suðurnesja þar sem skorað er á heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir að sett verði á laggirnar sérstök stjórn á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Bæjarráð tekur undir áskorun Öldungaráðs Suðurnesja að skipuð verði stjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja með aðkomu heimamanna.

**6. Fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. 18. janúar 2022 (2022010523)**

Fundargerð lögð fram.

**7. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 14. janúar 2022 (2022010626)**

Fundargerð lögð fram.

**8. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2022010436)**

a. Tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 20. mál - https://www.althingi.is/altext/152/s/0020.html
b. Tillaga til þingsályktunar um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara, 12. mál https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0012.pdf

Umsagnarmál lögð fram.

________________________________

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40